
Fráveita frá Keflavíkurflugvelli, Sandgerðisbæ

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 21. ágúst 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá ISAVIA og Keflavíkurflugvelli um fyrirhugaða breytingu fráveitu frá Keflavíkurflugvelli samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 11.05 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits: Sandgerðisbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Ráðgjafi framkvæmdaraðila er VSÓ Ráðgjöf.

Gögn lögð fram við ákvörðun Skipulagsstofnunar

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fráveitumannvirki í Sandgerðisbæ fyrir úrgang frá Keflavíkurflugvelli. Fyrirspurn um matsskyldu. VSÓ Ráðgjöf, maí 2015.

Umsagnir bárust frá:

- Sandgerðisbæ með bréfi dags. 24. september 2015
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 9. september 2015
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, með bréfi dags. 22. september 2015
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 10. september 2015
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. september 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 15. 16. og 19. september 2015 og 5. október 2015.

Framlögð gögn framkvæmdaraðila

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að ISAVIA og Keflavíkurflugvöllur áforma að byggja skólphreinsistöð fyrir Keflavíkurflugvöll og lengja útrás fráveitu í sjó. Skólphreinsistöðin mun verða staðsett við Djúpuvík í Sandgerðisbæ suðvestur af Keflavíkurflugvelli. Skólphreinsistöðin mun hreinsa skólp frá flugstöðvarsvæði Keflavíkurflugvallar auk hluta af öryggissvæði sem Landhelgisgæslan hefur umsjón með. Gert er ráð fyrir 1.800 persónueiningum (pe). Þar sem starfsemin á Keflavíkurflugvelli fer ört vaxandi er litið svo á að skólphreinsistöð sé nauðsynleg. Reist verður um 50-70 m² fráveitumannvirki yfir skólphreinsistöðina.

Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdarsvæði er við Djúpuvík sunnan Básenda í Sandgerðisbæ, suðvestur af Keflavíkurflugvelli. Garðskagavegur liggur fyrir ofan fyrirhugað framkvæmdarsvæði og frá honum liggur malarvegur að svæðinu. Svæði norðaustur og suðvestur af svæðinu eru



skilgreind sem útivistarsvæði og njóta hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024.

Hreinsunin sem mun fara fram í skólphreinsistöðinni er grófhreinsun á fráveituvatni Keflavíkurflugvallar. Stöðin mun samanstanda af tvöföldu síukerfi með möguleika á að bæta við þriðja síukerfinu ef magn skólps frá Keflavíkurflugvelli eykst. Í tvöföldu kerfi ræður önnur sían við að hreinsa heildarskólpmagnið ef hin bilar.

Fram kemur að sett verður ný sjávarútrás við Djúpuvík sem mun ná lengra út en núverandi lögn. Núverandi lögn mun nýtast sem yfirfallsútrás í neyðartilvikum og þegar viðhald á sér stað. Fram kemur að núverandi sjóútrás skólps frá Keflavíkurflugvelli í Djúpuvík uppfyllir ekki kröfur reglugerðar 198/1999 um fráveitur og skólþ, þar sem hún er of stutt og engin hreinsun fer fram. Með tilkomu skólphreinsistöðvar og lengri útrásar mun sjór og strandlengjan við Djúpuvík verða hreinni ásamt því að uppfylla kröfur í lögum nr. 22/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Aflþörf fyrir fráveitumannvirkið er um 70 kW. Orkan er ekki tiltæk á staðnum og því verður annað hvort tengst rafmagni frá HS Veitum sem er með næsta tengipunkt í 2 km fjarlægð eða rafstöð sett upp fyrir skólphreinsistöðina. Lítið vatn þarf við framleiðsluna en til að afla vatns þarf að virkja borholu sem er á staðnum, bora nýja holu innan lóðar stöðvarinnar eða setja upp vatnstank til að sjá stöðinni fyrir vatni.

Fram kemur gera megi ráð fyrir 50 kg af ristarúrgangi á dag að meðaltali frá skólphreinsistöðinni. Á staðnum verða tveir 1.000 l gámar/tunnur sem ristarúrganginum er safnað í. Hefðbundinn sorpflutningabíll mun losa úrganginn 2 - 4 sinnum í mánuði. Áætlanir eru að farga úrganginum í Kölkku, sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

Helstu umhverfisáhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á landslag og ásýnd, lyktarmengun og verndar- og útivistarsvæði.

Landslag og ásýnd. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd er á svæði sem nú þegar hefur verið raskað meðal annars með vegagerð og veru hersins á sínum tíma. Einnig er gamalt urðunarsvæði staðsett skammt frá. Því er talið að áhrif á náttúrulegt landslag séu engin eða óveruleg. Skólphreinsistöð verður sýnileg og mun því breyta ásýnd svæðisins. Umfang byggingar er lítið, þ.e. 50-70 m², leitast verður við að fella mannvirkið að umhverfinu. Því eru áhrifin talin óveruleg neikvæð á ásýnd.

Lyktarmengun. Fram kemur að lyktarmengun er fyrst og fremst af ristarúrgangi sem safnað er saman í gám/tunnu. Lyktin verður aðallega innanhús en þó megi gera ráð fyrir því að hún gæti fundist utandyra við ákveðnar aðstæður. Lyktarmengun frá skólphreinsistöð berst ekki langar leiðir og fjarar fljótt út í andrúmsloftinu og því ætti lyktin að vera staðbundin. Inni í húsinu verður loftræsting og útsog verður frá gámum/tunnum.

Verndarsvæði og útivistarsvæði. Fram kemur að strandlengjan við Djúpuvík er skilgreind sem útivistarsvæði og nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar. Breytingin muni ekki hafa teljandi áhrif á aðgengi eða gildi verndar- og útivistarsvæðis. Gildið breytist ekki þar sem um raskað svæði er að ræða og ásýndarbreytingar verða óverulegar. Einnig verður lyktarmengun mjög takmörkuð og ætti að hafa óveruleg áhrif. Áhrif framkvæmdar á verndar- og útivistarsvæði eru metin engin eða óveruleg.



Umsagnir, viðbrögð framkvæmdaraðila og niðurstaða

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sandgerðisbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða sé ekki matsskyld.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að upplýsingar vanti um á hvaða dýpi útrásarendi fráveitu verði í Djúpuvík og að ekki sé gert ráð fyrir vöktun á lífríki í Djúpuvík, en slík vöktun væri æskileg með tilliti til mjög aukinnar losunar á næstu árum og áratugum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að útrásarendinn verði á um 14 m dýpi. Útrásin hafi verið hönnuð út frá straum- og efnaflutningslíkani verkfræðistofunnar Vatnaskila og til að standast kröfur reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þar af leiðandi telji framkvæmdaraðili ekki líkur á að fráveitan muni hafa áhrif á lífríki Djúpuvíkur og ekki sé ástæða til að vakta lífríki á svæðinu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eru gerðar athugasemdir um að betur þurfi að gera grein fyrir útreikningum á persónueiningum. Jafnframt þurfi að gera grein fyrir magni skólps sem kemur frá flugvélum og þeim iðnaði sem starfandi er og verður hugsanlega á athafnasvæði flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Betur þurfi að gera grein fyrir áhrifasvæði ólyktar frá hreinsistöðinni; fyrir lengd fráveitulagnar í sjó og umhverfisáhrifum þar sem fráveitan opnast í sjó og þeim úrgangi sem í fráveituna fer t.d. upplýsingar um blávökvann, matarúrgang o.fl. og áhrif þess á sjávarlíf og umhverfi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sú leiðrétting að stöðin sé hönnuð til að anna 6.300 persónueiningum sem sé áætlað magn fyrir árið 2040. Skólphreinsikerfið verði lokað og því lágmarkslykt frá skólphreinsistöðinni. Enn fremur sé reynslan sú frá sambærilegum skólphreinsistöðvum hér á landi að lykt sé lítil sem engin.

Hönnunarforsendur fráveitulagnar í sjó séu byggðar á straum- og efnaflutningslíkani verkfræðistofunnar Vatnaskila. Einnig hafi hún verið hönnuð til að standast kröfur reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Fram kemur að matarúrgangur verði ekki losaður í fráveitukerfið. Blávökvi sem sé í flugvélaklósettum heiti Blámi sem sé blandað í vatn í hlutföllunum 1/99, öryggisblað gefi til kynna að efnið sé ekki hættulegt heilsu eða mengandi því sé talið á Bláminn hafi óveruleg áhrif á umhverfið.

Skipulagsstofnun telur í ljósi spáa um aukningu farþega sem fara munu um Keflavíkurflugvöll að að fyrirhuguð framkvæmd sé nauðsynleg ráðstöfun og mikilvæg svo ákvæði laga um varnir gegn mengun hafs og stranda séu uppfyllt. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd sé líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lífríki miðað við það sem nú er þar sem skólpi er veitt óhreinsuðu út í Djúpuvík. Miðað við framlögð gögn framkvæmdaraðila telur Skipulagsstofnun ekki þörf á sérstakri vöktun lífríkis í Djúpuvík og að ekki sé ástæða að hafa áhyggjur af ólykt frá stöðinni þar sem um lokað hreinsikerfi er að ræða og líklegt að lyktarmengun verði bundin við allra næsta nágrenni stöðvarinnar.

Minjastofnun Íslands bendir á að að á framkvæmdasvæðinu liggi gömul leið frá norðri til suðurs og muni ný útrás þvera þessa leið. Minjastofnun Íslands telur að mæla þurfi upp þessa leið á um 100 m. kafla til hvorrar áttar og sýna staðsetningu hennar á korti eða loftmynd.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir tilmælum Minjastofnunar og gögn sem sýni leiðina afhent stofnuninni áður en framkvæmdir hefjast.

Skipulagsstofnun telur að ef farið verður að ofangreindu ábendingum Minjastofnunar verði áhrif á menningarmínjar óveruleg.



Staða skipulags og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingaleyfi Sandgerðisbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sandgerðisbæjar. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Niðurstaða

Um er að ræða byggingu skólphreinsistöðvar fyrir Keflavíkurflugvöll og lengingu útrásar fráveitu í sjó. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.05 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu ISAVIA og Keflavíkurflugvallar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð bygging skólphreinsistöðvar fyrir Keflavíkurflugvöll og lenging útrásar fráveitu í sjó sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. nóvember 2015.

Reykjavík, 14. október 2015

Jakob Gunnarsson

Valur Klemensson